

12. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn á skrifstofu hreppsins þriðjudaginn 20. desember 2016 kl. 15:00.

Mætt eru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnes 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2020. Seinni umræða.
 2. Bréf frá Fjórðungssamb. Þinggerð 61.fjórðungspings og hækkun ársstillags, lagt fram til kynningar.
 3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 5.des. lögð fram til kynningar.
 4. Bréf frá Samgöngustofu varðandi umsögn vegna skipulags- og matslýsingar fyrir Hvalárvirkjun.
 5. Bréf og styrkbeiðni frá Afli Akureyri, lagt fram til kynningar og umræðu.
-
1. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 – 2020. Seinni umræða. Fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2017-2020 lögð fram til seinni umræðu. Helstu fjárhæðir A og B hluta fyrir árið 2017 eru: heildartekjur 57,5 millj. kr., heildargjöld 60,8 millj.kr. fjármunatekjur og fjármagnsgjöld jákvæð um 599þús kr. Rekstrarniðurstaða er því neikvæð um 2,7 millj. kr. Ekki er gert ráð fyrir neinum fjárfestingum á árinu 2016. Rekstrarniðurstaða fyrir árið 2018 er jákvæð um 3,7 millj. kr., árið 2019 jákvæð um 3,9 millj.kr. og árið 2020 er rekstrarniðurstaða jákvæð um 2,7 millj.kr. Álagning fasteignaskatts verður í A flokki 0,625%, í B flokki 1,32% og í C flokki 1,65%. Útsvarsprósenta verður áfram 14,52%. Fjárhagsáætlun 2017-2020 borin upp til atkvæða og samþykkt.
 2. Bréf frá Fjórðungssamb. Þinggerð 61.fjórðungspings og hækkun ársstillags, lagt fram til kynningar.
 3. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Vestfjarða frá 5.des. lögð fram til kynningar.
 4. Bréf frá Samgöngustofu varðandi umsögn vegna skipulags- og matslýsingar fyrir Hvalárvirkjun var lagt fram til kynningar.
 5. Bréf og styrkbeiðni frá Afli Akureyri, lagt fram til kynningar og umræðu. Styrkbeiðni er hafnað.

6. Oddviti bað leyfis að bæta við umræðuefni og í kjölfar umræðunnar var samþykkt efni hennar, að oddviti breyti lykilorði að tölvupóstfangi hreppsins svo oddviti geti haft aðgang að efni hans utan skrifstofunnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl 16.15.